


VÉL NR. 91

Leiddar hafa verið að því líkur, að Möllerup-vélin sem sem var á sýningunni sé einmitt sú sem kom til Ísafjarðar í nóvember árið 1902 og sett var í sexæringinn Stanley. Hvorki hefur tekist að sanna það né afsanna, þrátt fyrir talsverða eftirgrennsln. Skýlt er að taka fram, að skoðanir á þessu eru skiptar.

Endalok Stanleys urðu þau, að hann rak á land í Skötufirði árið 1908. Í traustri heimild frá 1939 segir:



Mynd: Byggðasafn Vestfirða

Líkindi eru til að vélin úr honum hafi náðst, því í leitirnar hefir komið í Bolungavík 2ja hestafla Möllerupsmótor, smíðaður 1902, sem síðan hefir verið breytt í landmótor af Th. Thomsen vélsmíð, er fyrstur hafði vélaverkstæði í Bolungavík... Bendir ýmislegt til, að þarna sé einmitt fyrsta íslenzka fiskibátavélin...

Umræddur „Möllerupsmótor“ er einmitt vélin sem hér getur að líta. Árið 1939 var Jóhann Pétursson kennari við Vélskólann sendur vestur til að sækja vélina vegna sjávarútvegssýningar. Síðan gekkst Jóhann fyrir því, að hún var falin Þjóðminjasafninu til eignar og varðveislu.